

Garðabær 29.október 2018

Bæjarstjóri, menningar- og safnanefnd Garðabæjar

Skertur aðgangur að Bókasafni Garðabæjar – óhagstætt húsnæði

Bókasafn Garðabæjar eykur lífsgæði bæjarbúa.

Bókasafn Garðabæjar getur ekki sinnt hlutverki sínu sem skyldi gagnvart hreyfihömluðum. Þeir sem eiga erfitt með gang hafa ekki komist til okkar með góðu móti. Þeir hafa sagt okkur að þeir fari í Bókasafn Kópavogs og/eða Bókasafn Hafnarfjarðar út af þessu erfiða aðgengi hér en vilji þó frekar koma í sitt safn, Bókasafn Garðabæjar. Einnig má geta þess að fólk á erfitt með að finna bókasafnið á torginu vegna staðsetningar og snýr sér af þeim sökum til nágretta okkar. Við erum hluti af samfélagi sem skiptist í mörg svæði. Við viljum fá Garðbæingana til okkar. Fyrsti þröskuldur er hversu erfitt er að fá bílastæði út á torgi. Næsti þröskuldur er þessi langa leið frá bílastæði að bókasafninu, fram hjá öllum hindrunum sem er á torginu. Inngangur inn á safnið sjálft er orðinn ásættanlegur fyrir hreyfihamlaða einstaklinga.

Við erum með fremur lítið húsnæði fyrir gögnin okkar þrátt fyrir að hafa gert okkar besta undanfarin ár að fækka hillum til að auka aðgang að gögnum safnsins. Því verða hillugangar þröngir, erfitt að komast um þá og oft mikil vinna að hreyfa allt til fyrir viðburði. Bæði lítið húsnæði og lögun þess er okkur óhagstætt. Safnið er með öðrum orðum búið að sprengja utan af sér húsnæðið og er það orðið heftandi í starfsemi þess.

Það er ekki síst vegna þessa hóps hreyfihamlaðra einstaklinga sem starfsmenn Bókasafns Garðabæjar fögnuðu umræðu um menningarhús. Betra og stærra húsnæði fyrir allskonar menningu og upplifun.

Bókasafnið á að vera vettvangur fyrir alla. Bókasöfn nútímans eru ekki geymslur fyrir bækur heldur eru þau lifandi vettvangur fyrir samskipti fólks og þekkingaröflun í sinni fjölbreyttustu mynd.

Fólk kemur á bókasafnið til að upplifa, sýna sig og sjá aðra. Bókasafnið er staður til þess að hitta fólk, lesa, læra, sækja viðburði og fræðslu, vettvangur menningar, lista, leiks, þekkingar, upplýsinga og allt mögulegt. Menning er eitthvað sem nær yfir þetta allt og við viljum skapa fyrir alla.

Það er einlæg ósk undirritaðrar að yfirvöld í Garðabæ haldi áfram að finna bókasafninu nýtt og/eða endurbætt húsnæði sem hæfir Garðabæ. Með góðu aðgengi, vítt til veggja, fjölnotasal, leiksvæði, lærdómsaðstöðu, birtu og yl. Staður sem fólk lítur á sem heimili að heiman og nýtur þess að heimsækja.

Virðingarfyllt,

Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar